

10. október 2022

Tilvísun: 202201011 / 0.2.1

Efni: Fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags

Skipulagsstofnun óskar kjörnum fulltrúum í skipulagsnefndum og sveitarstjórnnum velfarnaðar í störfum og ekki síst í þeim mikilvægu verkefnum sem skipulagsmál eru.

Stofnunin vill jafnframt minna á að ný sveitarstjórn á að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til þess að endurskoða stefnumörkun gildandi aðalskipulags. Samkvæmt ákvæðum skipulagslaga skal það að jafnaði gert innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal ákvörðunin tilkynnt Skipulagsstofnun.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna um byggðarþróun, landnotkun, samgöngur- og þjónustukerfi, umhverfismál og ekki síst, um gæði byggðar. Með aðalskipulagi er þannig mótaður ramminn um daglegt líf íbúa og mótuð umgjörð atvinnulífs og mikilvægra innviða. Aðalskipulag þarf að nýtast sveitarstjórn sem stjórnþæki til að leiða byggðarþróun í átt að þeirri framtíðarsýn sem mótuð hefur verið í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila og að teknu tilliti til stefnu og áætlanagerðar stjórnvalda á landsvísu svo sem í loftslags- og orkumálum og samgöngumálum. Aðalskipulagið þarf að endurspeglar langtímasjónarmið með tilliti til umhverfis- og samfélagsbreytinga m.a. viðbrögð við loftslagsbreytingum, velferð líffræðilegrar fjölbreytni og áskorunum í húsnaðismálum. Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér samræmda stefnu um skipulagsmál á landsvísu og skulu sveitarfélög byggja á henni við gerð aðal- og svæðisskipulags. Rétt er að benda á að sameining sveitarfélaga getur kallað á endurskoðun aðalskipulags í því skyni að móta samræmda stefnu um þróun byggðar og landnotkunar.

Umgjörð um skipulagsmál er sett í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þá gilda einnig lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021 en liður í skipulagsgerð er að leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar m.a. með samanburði raunhæfra valkosta um stefnu eða einstök markmið og framkvæmdir.

Það á því vel við að ný sveitarstjórn taki stöðuna á þróun mála í sveitarfélaginu og meti hvort forsendur og stefna gildandi aðalskipulags sé í takti við tímann.

Auk framangreindra atriða þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Sveitarstjórnir skulu, samkvæmt 7. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, samræma gildandi skipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr. sömu laga. Þar segir að sveitarstjórnnum sé heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun skv. um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki.
- Til grundvallar mótunar stefnu í dreifbýli í aðalskipulagi þarf að liggja fyrir flokkun lands með tilliti til ræktunarmöguleika, sbr. 3. mgr. 5. gr. jarðalaga.
- Samhliða gerð aðalsskipulags skal jafnframt unnin skrá yfir vegi í náttúru Íslands, þ.e. vegi aðra en þjóðvegi, í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

- Aðalskipulag skal unnið á stafrænu formi með samræmdum hætti í landupplýsingakerfi eins nánar er útfært í gagnalýsingu um stafrænt aðalskipulag og leiðbeiningum þar um.

Skipulagstofnun veitir frekari ráðgjöf og upplýsingar um gerð aðalskipulags og er reiðubúin að eiga fund með fulltrúum sveitarfélagsins, sé þess óskað.

Með kveðju, Guðrún Lára Sveinsdóttir